20. janúar 2010

Samgöngunefnd Alþingis

Efni: Umsögn Landssambands smábátaeigenda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna - 244. mál.

Landssamband smábátaeigenda mótmælir harðlega þeirri breytingu, á fyrirkomulagi við útgáfu haffærisskírteina, sem hér er lögð til.

Breytingin leiðir til þess að útgáfa haffærisskírteinis verður ekki lengur skilyrt við yfirlýsingu tryggingafélags um að skipverjar viðkomandi báts séu að fullu líf- og slysatryggðir. Eftirlit með þessum mikilvæga þætti verður því skert frá því sem nú er.

Engin dæmi eru um, frá gildistöku þessa lagaákvæðis 2001, að skilyrðum um áhafnatryggingu hafi verið ábótavant. Aftur á móti eru mörg dæmi um að lögskráning hafi ekki verið sem skildi. Til staðreyndar bendi ég á dóma sem fallið hafa um málið, en dæmi þar um kom fram í erindi Helga Jóhannessonar forstöðumanns stjórnsýslusviðs Siglingastofnunar Íslands á málþingi um lögskráningu 31. október 2007. Einnig bendir undirritaður á máli sínu til stuðnings á eftirfarandi mál sem tilgreind eru hjá Rannsóknanefnd sjóslysa:

Mál nr. 107/06 - Hafrún. Við rannsókn kom fram: „að lögskráningu var ábótavant þar sem tveir af þremur skráðum skipverjum voru ekki um borð og því tveir skipverjar óskráðir."

079/00 - M.b. Sindri GK-42. Við rannsókn kom fram: „að lögskráning skipverja var ekki í lagi. Skipstjóri sagði aðspurður af lögreglu að enginn væri lögskráður á skipið. Samkvæmt gögnum lögskráningarstofu voru fjórir menn skráðir þennan dag. Skráður skipverji ekki um borð en um borð óskráður maður, auk þess sem um borð var maður sem sagðist ekki vera skipverji, en fengið að fara með þessa ferð, en hann var skráður;"

009/00 - M.b. Fjölnir GK-7. Við rannsókn kom fram: „að skipverjar auk skipstjóra voru sagðir vera þrír. Enginn maður var skráður á skipið samkvæmt gögnum hjá lögskráningu skipverja né hafði verið skráður frá 10. janúar til 15. janúar;"

LS frábiður sig að vera þvingað inn í umhverfi sem hér er lýst og telur það óumdeilanlegt að verði frumvarpið að lögum muni það skerða frá því sem nú er öryggi sjómanna á smábátum um að vera slysa- og líftryggðir.

Af þessum sökum auk þeirra þátta sem tilgreindir eru í umsögn félagsins við frumvarpi um breytingar á lögum um lögskráningu er LS alfarið á móti meginefni þessa frumvarps, það er að lögskráning nái til smábáta.

Virðingarfyllst

_____

Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda